

Vefslóðir/ítarefni:

www.tr.is

www.krabbameinsfelagid.is

www.missir.is

www.sorg.is

www.rsk.is

Andlát ber að tilkynna til sýslumanns sem aðstoðar eftirlifendur með dánarbú og veitir upplýsingar um erfðamál.



Réttindi vegna andláts

Upplýsingar um félagsleg réttindi fyrir eftirlifendur fullorðinna einstaklinga

Ef frekari upplýsinga er óskað hafið þá vinsamlegast samband við félagsráðgjafa blóð- og krabbameinslækningadeilda Landspítalans í síma 543-1000.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
ÁGÚST 2011

ÁBYRGÐARADILAR:
FÉLAGSRÁÐGJAFAR BLÓÐ- OG
KRABBAMEINSLÆKNINGA
DEILDA
LANDSPÍTALANS.

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC



Tryggingastofnun:

- **Dánarbætur:** Greiddar þeim sem verða ekkjar/ekkjur innan 67 ára aldurs. Bætur eru greiddar í 6 mánuði eftir andlát og lengur eftir atvikum t.d. ef um eftirlifandi börn er að ræða.
- **Barnalífeyrir:** Greiddur til eftirlifandi maka ef börn innan 18 ára aldurs eru á heimilinu. Greiddur er tvöfaldur barnalífeyrir ef báðir foreldrar eru látnir.
- **Barnalífeyrir vegna náms eða starfsþjálfunar:** Greiddur til 18-20 ára ungmenna ef annað eða báðir foreldrar eru látnir.
- **Mæðralaun:** Greidd einstæðum foreldrum sem hafa tvö börn eða fleiri á framfæri sínu.
- **Heimilisuppbót:** Greidd til elli- og örorkulífeyrisþega sem búa einir. Er tekjutengd.

Nálgast má frekari upplýsingar á heimasíðu Tryggingastofnunar ríkisins: www.tr.is

Sveitarfélög:

- **Útfararstyrkur:** Heimilt er að veita styrk ef dánarbú hins látna getur ekki staðið undir kostnaði útfarar.

Stéttarfélög:

- **Útfararstyrkur eða dánarbætur:** Hugsanleg réttindi vegna útfarar sjóðfélaga.

Á heimasíðum eða skrifstofum stéttarfélaga er hægt að fá frekari upplýsingar um styrki.

Lífeyrissjóðir:

- **Makalífeyrir:** Greiddur til eftirlifandi maka samkvæmt áunnum réttindum sjóðfélaga. Mánaðarlegar greiðslur í ákveðinn tíma.
- **Barnalífeyrir:** Greiddur mánaðarlega með barni sjóðfélaga til 18 ára aldurs eða lengur.
- **Séreignarsparnaður:** Séreignarsparnaður er eign sjóðfélaga og erfist til lögerfingja við andlát hans. Inneign getur einnig legið hjá bönkum eða tryggingafélögum.

Nánari upplýsingar er best að fá hjá viðkomandi lífeyrissjóðum eða stofnunum.



Skattstjóri:

- **Persónuafsláttur:** Maka eða sambúðar aðila er heimilt að nýta persónuafslátt hins látna í allt að 9 mánuði. Uppfylla þarf skilyrði til samsköttunar.
- **Skattaávilnun:** Möguleg lækkun á tekju-skattstofni ef andlátið hefur haft í för með sér skert gjaldþol vegna mikils kostnaðar.
- **Barnabætur:** Eftirlifandi maki fær áætlaðar bætur hins látna.

Námslán:

Námslán falla niður við andlát lánþega. Uppfærast sjálfkrafa í innheimtukerfi hjá LÍN eftir skráningu andláts í Þjóðskrá.

Vátryggingafélög: Líftryggingar

Á heimasíðum eða skrifstofum tryggingafélaga má finna frekari upplýsingar.

Athugið að sækja þarf um flest þau félagslegu réttindi sem nefnd hafa verið hér að framan.